



## Stjórnarfundur í Þyt, haldinn 21. febrúar 2019.

Mættir: Gunnar Geir Halldórsson, Gunnar Freyr, Árni Geir, Hörður Páll, Friðrik Hafberg og Árni Þór.

1. Rædd notkun NORA og möguleikar kerfisins.
2. Gunnar Geir las upp skilaboð sem hann hafði sent Mótframbjóðanda sínum Markúsi Elvari Péturssyni eftir síðasta aðalfund þar sem hann býður sættir og nánara samstarf klúbbum til velfarnaðar.
3. Verkaskipting stjórnar. Stjórn skipti með sér verkum. Verkefni verða þau sömu hjá þeim stjórnarmeðlimum sem halda áfram frá síðustu stjórn. Árnarnir halda áfram sem gjaldkeri og ritari. Hörður er meðstjórnandi. Gunnar Freyr varaformaður og Friðrik Hafberg og Magdalena Ásgeirsdóttir koma inn sem varamenn í stjórn.
4. Gunnar Geir greindi frá gangi mála við útvegum 120 bjargvesta fyrir barnastarf. Vestin eru nú kominn til landssins og í merkingu.
5. Þjálfaramál kænuhóps. Jökull Már Pétursson hefur sent út fyrirspurn um þjálfara frá Baltimor. Gunnar Geir hefur auglýst eftir íbúð til leigu. Fann eina íbúð fyrir 220 þúsund á mánuði. Hann lagði svo fram tilbúna auglýsingu sem sett verður upp í kennaradeild HÍ. Hörður mun einnig hafa samband við einstaklinga sem hann telur að geti mögulega tekið að sér þjálfunina.
6. Bátakaup. Gunnar Geir greindi frá möguleika á að fá aukafjármagn vegna hjálmavæðingar og viðhalds búnaðar. Ræddi möguleika á sölu auglýsinga á búnað klúbbsins. Málið er í vinnslu.
7. Tilnefning fulltrúa á SÍL þing. Stjórn ákvað að tilnefna Gunnar Geir Halldórsson, Friðrik Hafberg og Guðbjörg Vally Ragnarsdóttir.
8. Kennsla á kjölbáta. Friðrik Hafberg tekur að sér að skipuleggja kjölbátanámskeið og mun sennilega kenna einhver slík námskeið sjálfur. Gjaldkeri mun semja við leiðbeinendur slíkra námskeiða um leiðbeinendalaun.
9. Barnastarf. Mönnun námskeiðanna rædd. Gunnar Freyr mun tala við einstaklinga úr hópi unglunga um möguleika á að taka að sér valin hlutverk í starfinu.
10. Félagsgjöld – fjölskyldugjald. Gunnar Geir lagði til að fjölskyldugjald yrði 9000 kr á fjölskyldu. Fullorðinn greiðandi greiddi gjaldið en gæti síðan skráð fjölskyldumeðlimi (maka og börn) undir félagsaðild sinni. Tillagan var samþykkt og gjaldkeri ræddi mögulegar útfærslur á slíkri skráningu.
11. Kajakdeild. Ákveðið var að boða kajakraðara á fund stjórnar til að ræða sérstakar þarfir þeirra og aðkomu að félagsstarfi klúbbsins.
12. Ekki fleira gert og fundi slitið.  
Fundinn ritaði Árni Hilmarsson

*Gunnar Geir Halldórsson formaður*

Siglingaklúbburinn Þytur stofnaður 19. apríl 1975